

PistillFrá Stjórnvísi

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Fyrirtæki vinna nú markvissar að samfélagslegri ábyrgð og flétta hana inn í áætlanir til langs tíma.

Fyrirtæki vinna nú markvissar að samfélagslegri ábyrgð og flétta hana inn í áætlanir til langs tíma. Auk kröfu um aukinn hagnað þurfa stjórnendur að glíma við væntingar hagsmunaaðila og taka ábyrgð á ákvörðunum og aðgerðum sem snerta umhverfi, efnahag og samfélag.

Nýlegar rannsóknir sýna að fyrirtækjum sem vinna skipulega með samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni vegnar betur, þegar horft er til lengri tíma.

Að vera hluti af lausninni en ekki vandamálinu

Lykillinn að vinnu við samfélagslega ábyrgð er nýskapandi hugsun, að hugsa hlutina út frá nýju sjónarhorni með það fyrir augum að vera hluti af lausninni en ekki vandamálinu.

Nýsköpunin hjá fyrirtækjum getur orðið á fimm mismunandi sviðum: í þróun vöru og þjónustu, með bættum ferlum í fyrirtækinu, með endurskoðun og breytingum á hagnaðarmódeli fyrirtækisins, með breytingum á viðskiptahugmynd eða breytingum innan atvinnugreinar. Hér á landi hafa fá fyrirtæki unnið skipulega með þessi mál en gera má ráð fyrir að fyrirtæki í útflutningi og/eða erlendu samstarfi séu þau sem fyrst finna fyrir þörfinni. Þá gildir að vera undirbúinn.

Skyldu vera tækifæri í þessu?

Ávinningur er margþættur, t.d. betri yfirsýn og fyrirbyggja varðandi komandi kröfur, sem minnkar áhættu.

Hagsmunaaðilar eru ánægðari, umhverfisáhrif minni, starfsmannamál betri, tækifæri opnast í vöruþróun, stjórnarhættir og neytendastarf batnar. Bætt samband við samfélag og hagsmunaaðila leiðir til hugmynda að gagnlegum verkefnum og orðsperið batnar.

- Höfundur er ráðgjafi um

samfélagslega ábyrgð hjá Alta.

www.stjornvisi.is



Hulda Steingrimsdóttir



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Landsaðgangur

AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

hvar.is

mbl.is/Árvakur hf. © 2016 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100